

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
101 Reykjavík


Reykjavík, 28. apríl 2021

Efni: Umsögn um stjórnarfrumvarp, þingskjal 1179 – 700. mál, um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign (lágmarkstryggingavernd o.fl.).

Íslenski lífeyrissjóðurinn gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Í frumvarpinu er að finna margar jákvæðar breytingar á lögum um lífeyrissjóði, t.d. um hækkun iðgjalds úr 12% í 15,5%, um samræmingu á tengingum gagnvart greiðslum Tryggingastofnunar (TR), um aukinn hlut lífeyrissparnaðar í séreign og um rafræna birtingu yfirlita.
2. Önnur atriði eru hins vegar ekki nægilega vel útfærð í frumvarpinu. Á það einkum við um ákvæði er varða tilgreinda séreign og lágmarkstryggingavernd. Til að draga úr flækjustigi og gera lífeyriskerfið skiljanlegra og aðgengilegra fyrir almenning er mikilvægt að endurskoða útfærslu frumvarpsins hvað þessi atriði varðar.
3. Þegar hugmyndir um tilgreinda séreign komu fyrst fram í kjarasamningi ASÍ og SA á árinu 2016 var gengið út frá því að tilgreind séreign myndi skerða greiðslur frá TR, að um hana giltu strangari fjárfestingaheimildir og að tilgreinda séreign mætti ekki nýta til greiðslu inn á húsnæðislán. Eins og fram kemur í frumvarpinu hefur nú verið fallið frá öllum þessum sjónarmiðum. Forsendur fyrir útfærslu á tilgreindri séreign hafa því breyst í grundvallaratriðum.
4. Ákvæði frumvarpsins um hækkun lágmarkstryggingaverndar og afslátt frá lágmarkstryggingavernd með nýtingu tilgreindrar séreignar eru illa útfærð. Engin rök eru færð fyrir þessari skipan mála, sérstaklega þar sem tilgreind séreign ber nú öll megineinkenni viðbótarlífeyrissparnaðar.
5. Til að einfalda regluverk lífeyrissparnaðar og ná víðtækri sátt um mótun lífeyriskerfisins er mikilvægt að vinna frumvarpið betur. Yfirlýsing stjórnvalda frá því nú í haust um víðtækt samráð og gerð grænbókar fyrir lífeyriskerfið er fagnaðarefni, enda þarf að leysa fjölmörg álitamál í starfsemi lífeyrissjóða til framtíðar. Í þeirri vinnu þarf fyrst og fremst að huga að hagsmunum sjóðfélaga lífeyrissjóða.
6. Móta þarf framtíðarfyrirkomulag lífeyrismála í takt við þær breytingar sem fyrirsjáanlegt er að verði á íslensku samfélagi. Taka þarf mið af þörfum launafólks, breyttum vinnumarkaði, meiri hreyfanleika vinnuafls og huga að auknum sveigjanleika við starfslok svo fátt eitt sé talið. Mikilvægast er að ná sátt um heildstætt lífeyrissjóðakerfi sem þjónar öllum landsmönnum. Það verður ekki gert með fyrirbyggjandi frumvarpi.

Virðingarfyllst,
f.h. Íslenska lífeyrissjóðsins



Ólafur Páll Gunnarsson, framkvæmdastjóri